

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

221. fundur

Föstudaginn 12. júní 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir og Sigríður Hulda Jónsdóttir (varamaður fyrir Gunnar Val Gíslason)

Fjarverandi voru: Einar Birkir Einarsson og Gunnar Valur Gíslason

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri, Einar Kristjánsson þegar liður 7 og 8 voru rædd og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Niðurstaða gasolíuútboðs
2. Innri endurskoðun, framhaldsumræður
3. Árangursmat stjórnar
4. Áætlun ársins 2015
5. Vinnufundur stjórnar og stjórnenda
6. Ímynd Strætó bs
7. Leiðakerfi 2016
8. Grunnkostnaður vegna ríkissamnings

Tekið fyrir:

1. Niðurstaða gasolíuútboðs

Í samræmi við ákvörðun á fundi stjórnar 27 mars sl. um að bjóða út olíukaup, bauð Strætó út kaup á gasolíu fyrir vagnafлотann nú í apríl. Niðurstöður útboðsins eru að Olíuverzlun Íslands hf. bauð best og hefur innkaupadeild Reykjavíkurborgar farið yfir hæfi bjóðenda. Olíuverzlun Íslands hf. er núverandi birgi Strætó.

Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að skrifa stjórn SSH bréf og upplýsa um niðurstöður útboðsins í samræmi við eigendastefnu Strætó bs.

2. Innri endurskoðun

Áframhaldandi umræður um innri endurskoðun, á fundi stjórnar frá 29. maí sl. var umræðunni frestað til næsta fundar stjórnar.

Samþykkt var að fela stjórnarformanni í samstarfi við endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar að gera verðkönnun á innri endurskoðun fyrir Strætó.

3. Árangursmat stjórnar

Stjórnarmenn hafa fengið send drög að árangursmati stjórnar.

Samþykkt var að fela stjórnarformanni að vinna áfram með árangursmatið í samræmi við starfsreglur stjórnar og leggja fyrir stjórn til samþykktar á næsta fundi stjórnar. Stefnt er að því að framkvæma matið í ágúst næstkomandi.

4. Áætlun 2015

Á fundi stjórnar 8. maí 2015 var framkvæmdastjóra falið að yfirfara fjárhagsáætlun 2015 með hliðsjón af 3ja mánaða árhlutauppgjöri og rekstrarþá 2015 og leggja fyrir stjórn.

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað þar sem fram kemur að skipaður hefur verið vinnuhópur sem hefur það hlutverk að yfirfara reksturinn með það í huga að leita leiða til að draga úr kostnaði fyrirtækisins. Verkefnið verður unnið í takt við aðferðafræði verkefnastjórnunar og gert er ráð fyrir að allir þættir verkefnisins verði komnir í ferli fyrir haustið.

Umræður um hvernig stjórnarmenn geti stuðlað að fjölgun farþega í Strætó með markvissari hætti. Einnig kynnti framkvæmdastjóri hugmyndir um mánaðarlegt rekstrarmælaborð sem yrði lagt fyrir stjórn reglulega. Stjórn fagnar framkominni hugmynd.

5. Vinnufundur stjórnar og stjórnenda

Í starfsreglum stjórnar grein 3.5, er kveðið á um að stjórn eigi að leggja fyrir eigendafund meginforsendur fjögurra ára fjárhags- og starfsáætlunar þar sem m.a. er lýst markmiðum í rekstri og þjónustustigi fyrirtækisins eigi síðar en 15. ágúst ár hvert.

Samþykkt var framkvæmdastjóri boði til vinnufundar stjórnar og stjórnenda á næstu dögum, þar sem meginforsendur fjárhags- og starfsáætlun félagsins verði mótaðar til næstu fjögurra ára.

6. Ímynd Strætó

Dagana 19. -26. mars sl. gerði Gallup könnun á vitund og viðhorfi til Strætó, úrtakið var 1450 manns á öllu landinu, 18 ára og eldri.

Niðurstöðurnar lagaðar fram og kynntar fyrir stjórn.

7. Leiðakerfi 2016

Einar Kristjánsson, sviðsstjóri samgöngusviðs fór yfir óskir breytingar á leiðakerfinu 2016.

Umræður um breytingar á leið á milli granda og Seltjarnarnesi og á Álftanesi.

8. Grunnkostnaður vegna ríkissamnings

Einar Kristjánsson, sviðsstjóri samgöngusviðs, kynnt niðurstöður útreiknings á kostnaði við rekstur á grunnneti almenningsamganga árið 2015 eins og hann var skilgreindur í samningi á milli SSH og ríkisins frá 2012.

Kostnaður við grunnnetið er áætlaður ríflega 1,7 ma.kr. 2015, en var í desember 2010 um 1 ma.kr. Hækkun má að stærstum hluta rekja til verðlagsbreytinga, aukins aksturs og greiðslu olúgjalds. Stjórn samþykkir að senda umrætt minnisblað til stjórnar SSH til upplýsingar.

9. Annað

- Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Júlíus Vífill Ingvarsson, um farþegafjölda, dagsett 10. júní 2015. Fyrirspurninni var svarað 12. júní 2015.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:20

Fylgiskjöl:

- Minnisblað - Áætlun 2015, dagsett 29. maí 2015
- Minnisblað - Kostnaður grunnnets almenningsamganga 2015, dagsett 12. júní 2015
- Minnisblað - Leiðakerfi 2016, dagsett 12. júní 2015
- Kynning – Ímynd Strætó bs.

Bryndís Haraldsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Sigríður Hulda Jónsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir